

6.03.0 Kynning.

Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.

6.04.0 Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli reglna nr. 11/1953, um eftirlit með skipum, að því er tekur til vistarvera áhafna flutningaskipa og farþegaskipa.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.****1. gr.**

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Suður-Þingeyjarsýslu eru þessir:

Svalbarðsstrandarhreppur:

1. Veigastaðavegur af Grenivíkurvegi að Veigastöðum
2. Halllandsvegur af Grenivíkurvegi að Halllandi
3. Hafnarvegur af Grenivíkurvegi að Höfn
4. Geldingsárvegur af Grenivíkurvegi að Geldingsá.
5. Meyjarhólsvegur af Geldingsárvegi að Meyjarhóli.
6. Sólbergsvegur af Grenivíkurvegi að Sólbergi
7. Litlahvammsvegur af Grenivíkurvegi að Litlahvammi
8. Heiðarholtsvegur af Grenivíkurvegi að Heiðarholti
9. Sigluvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Sigluvík
10. Breiðabólsvetur af Grenivíkurvegi að Breiðabóli
11. Fossbrekkuvegur af Grenivíkurvegi að Fossbrekku
12. Mógilsvegur af Grenivíkurvegi að Svalbarðseyri
13. Einhólsvegur af Mógilsvegi að Einhóli.
14. Svalbarðskirkjuvegur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
15. Svalbarðsvetur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
16. Meðalheimsvegur af Svalbarðseyrarvegi að Meðalheimi
17. Þéttbýlisvegir af Svalbarðseyrarvegi skv. skipulagi
18. Barnaskólavegur af Grenivíkurvegi að barnaskóla
19. Tunguvegur, af Grenivíkurvegi að Tungu og Túnsbergi
20. Meðalheimsvegur af Grenivíkurvegi að Meðalheimi
21. Brautarhólsvegur af Grenivíkurvegi að Brautarhóli
22. Ásgarðsvetur af Grenivíkurvegi að Ásgarði
23. Sunnuhlíðarvegur af Grenivíkurvegi að Sunnuhlíð

24. Dálksstaðavegur af Grenivíkurvegi að efri og neðri Dálksstöðum.
25. Gautsstaðavegur af Grenivíkurvegi að Gautsstöðum
26. Leifshúsavegur af Grenivíkurvegi að Leifshúsum.
27. Þórustaðavegur af Grenivíkurvegi að Þórustöðum.
28. Þórsmarkarvegur af Grenivíkurvegi að Þórsmörk
29. Sveinbjarnargerðisvegur af Grenivíkurvegi að Sveinbjarnargerði
30. Garðsvíkvegur af Grenivíkurvegi að Garðsvík
31. Sólborgarvegur 2, af Grenivíkurvegi að Sólborg 2
32. Mógilsvegur II frá Mógilsvegi að býlinu Mógili II.

Grýtubakkahreppur:

1. Miðvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Miðvík
2. Ystuvíkvegur af Grenivíkurvegi að Ystuvík
3. Fagrabæjarvegur af Grenivíkurvegi að Fagrabæ
4. Nollsvegur af Grenivíkurvegi að Nolli
5. Áshólsvegur af Grenivíkurvegi að Áshóli
6. Laufásvegur af Grenivíkurvegi að Laufási
7. Skarðsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Skarði
8. Ártúnsvegur af Grenivíkurvegi að Ártúni
9. Nesvegur af Grenivíkurvegi að Nesi
10. Grundarvegur af Grenivíkurvegi að Grund
11. Lómatjarnarvegur af Grenivíkurvegi að Lómatjörn
12. Kolgerðisvegur af Grenivíkurvegi um Hléskóga að Kolgerði
13. Grýtubakkavegur 2, af Grenivíkurvegi að Grýtubakka 2
14. Grýtubakkavegur 1, af Grenivíkurvegi að Grýtubakka 1
15. Höfðavegur af Höfðavegi (þjóðv.) að Höfða
16. Sundlaugarvegur af Grenivíkurvegi að skólasundlaug
17. Réttarholtsvegur af Grenivíkurvegi að Réttarholti
18. Bárðartjarnarvegur af Grenivíkurvegi að Bárðartjörn
19. Árbæjarvegur af Grenivíkurvegi að Árbæ.
20. Dalsvegur af Grenivíkurvegi að Dal
21. Jarlsstaðavegur af Grenivíkurvegi að Jarlstöðum
22. Lundsvegur af Grenivíkurvegi að Lundi
23. Hvammsvegur af Grenivíkurvegi að Hvammi
24. Melavegur af Grenivíkurvegi að Melum.
25. Sunnuhvoltsvegur af Grenivíkurvegi að Sunnuhvoli
26. Þengilbakkavegur af Grenivíkurvegi að Þengilbakka
27. Hjallavegur af Grenivíkurbakka um Finnsstaði að Hjalla
28. Höfðabrekkuvegur af Grenivíkurvegi að Höfðabrekku
29. Vegur frá Grenivíkurvegi að íbúðarhúsi Jónasar Baldurssonar að Grýtubakka I.

Hálshreppur:

1. Þverárvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Þverá
2. Hólavegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Syðri-Hólum
3. Böðvarsnesvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Böðvarsnesi
4. Böðvarsgarðsvegur af Fnjóskadalsvegi að Böðvarsgarði
5. Veisuvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Veisu
6. Veisuselsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Veisuseli
7. Hallgilsstaðavegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Hallgilstöðum
8. Sólvangsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Sólvangi
9. Fornhólavegur af Norðurlandsvegi að Fornastöðum og Fornhólum

10. Sigríðarstaðavegur af Norðurlandsvegi að Sigríðarstöðum
11. Birkihlíðavegur af Norðurlandsvegi að Birkihlíð
12. Kambstaðavegur af Norðurlandsvegi að Kambstöðum
13. Birningsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Birningastöðum
14. Hálsvegur 1, af Norðurlandsvegi að Hálsi 1
15. Hálsvegur 2 af Norðurlandsvegi að Hálsi 2
16. Kirkjuvegur af Brúarvegi að Hálskirkju
17. Markarvegur af Vaglaskógarvegi að Mörk
18. Lundarvegur 1 af Vaglaskógarvegi að Lundi 1
19. Lundarvegur 3 af Vaglaskógarvegi að Lundi 3
20. Vaglavegur af Vaglaskógarvegi að Vöglum
21. Vaglavegur 2 af Vaglavegi að Vöglum 2
22. Draflastaðavegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Draflastöðum
23. Hjarðarholtsvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Hjarðarholti
24. Vatnsleysuvegur 2 af Fnjóskadalsvegi vestri að Vatnsleysu 2
25. Vatnsleysuvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Vatnsleysu
26. Grímsgerðisvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Grímsgerði
27. Viðivallavegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Viðivöllum
28. Hrisgerðisvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Hrisgerði
29. Tungunesvegur af Norðurlandsvegi að Tungunesi
30. Skógavegur af Norðurlandsvegi að Skógum
31. Hróarsstaðavegur af Illugastaðavegi að Hróarsstöðum
32. Veturliðastaðavegur af Illugastaðavegi að Veturliðastöðum
33. Grænuhlíðavegur af Illugastaðavegi að Grænuhlíð
34. Steinkirkjuvegur af Illugastaðavegi að Steinkirkju
35. Fjósatunguvegur af Illugastaðavegi að Fjósatungu
36. Brúnagerðisvegur af Illugastaðavegi að Brúnagerði
37. Þórðarstaðavegur af Illugastaðavegi að Þórðarstöðum
38. Reykjavegur af Illugastaðavegi að Reykjum
39. Illugastaðavegur af Illugastaðavegi að Illugastöðum
40. Reykjavegur 2 af Reykjavegi að Reykjum 2

Ljósavatnshreppur:

1. Bjargavegur af Útkinnarvegi hjá Nípá að Björgum
2. Níparvegur af Útkinnarvegi að Nípá
3. Granastaðavegur af Útkinnarvegi að Granastöðum
4. Fitjavegur af Granastaðavegi að Fitjum
5. Skálaárvegur af Útkinnarvegi að Syðri-Leikskálsá
6. Þóroddsstaðavegur af Útkinnarvegi að Þóroddsstöðum
7. Engihlíðavegur af Þóroddsstaðavegi að Engihlíð
8. Ófeigsstaðavegur af Útkinnarvegi að Ófeigsstöðum og Rangá
9. Torfunesvegur af Norðausturvegi að Torfunesi
10. Hálsvegur af Norðausturvegi að Hálsi
11. Kviabólsvetur af Norðausturvegi að Kviabóli
12. Arnþórsgærðisvegur af Norðausturvegi að Arnþórsgærði
13. Hnjúksvegur af Norðausturvegi að Hnjúki
14. Hólsvegur af Norðausturvegi að Hóli
15. Hólsgærðisvegur af Norðausturvegi að Hólsgærði
16. Félagshéimilisvegur af Norðausturvegi að Ljósvefningabúð
17. Hrafnstaðavegur af Norðausturvegi að Hrafnstöðum
18. Gvendarstaðavegur af Norðausturvegi að Gvendarstöðum
19. Hlíðavegur af Norðausturvegi að Hlíð

20. Ystafellsvegur 1 af Norðausturvegi að Ystafelli 1
21. Ystafellsvegur 2 af Norðausturvegi að Ystafelli 2
22. Ystafellsvegur 3 af Norðausturvegi að Ystafelli 3
23. Fellsselsvegur af Norðausturvegi að Fellsseli
24. Árlandsvegur af Norðausturvegi að Árlandi
25. Hjaltastaðavegur af Norðausturvegi að Hjaltastöðum
26. Halldórsstaðavegur af Norðausturvegi að Halldórsstöðum
27. Landamótavegur af Norðausturvegi að Landamóti
28. Lækjamótavegur af Norðausturvegi að Lækjarmóti
29. Landamótaselsvegur af Norðausturvegi að Borgartúni og Landamótaseli
30. Staðarfellsvegur af Fremstafellsvegi að Staðarfelli
31. Fellsendavegur af Fremstafellsvegi að Fellsenda
32. Fremstafellsvegur af Fremstafellsvegi (þjóðv.) að Fremstafelli I og II.
33. Hrifluvegur af Fremstafellsvegi að Hriflu 2
34. Rauðárvegur af Norðurlandsvegi að Rauða
35. Fosshólsvegur af Bárðardalsvegi eystri að Fosshóli
36. Stórutjarnvegur af Norðurlandsvegi að Stórutjörnum
37. Skólavegur af Norðurlandsvegi að Stórutjarnarskóla
38. Arnarstapavegur af Norðurlandsvegi að Arnarstapa
39. Krossvegur af Norðurlandsvegi að Krossi
40. Vatnsendavegur af Norðurlandsvegi að Vatnsenda
41. Ljósavatnsvegur af Norðurlandsvegi af Ljósavatni
42. Holtskotsvegur af Norðurlandsvegi að Holtakoti
43. Öxarárvegur af Bárðardalsvegi vestari að Öxará.

Bárðælahreppur:

1. Hvarfsvegur af Bárðardalsvegi vestari að Hvarfi
2. Eyjadalsárvegur af Bárðardalsvegi vestari að Eyjadalsá
3. Hlíðarendavegur af Bárðardalsvegi vestari að Hlíðarenda
4. Sandhaugavegur af Bárðardalsvegi vestari að Sandhaugum
4. Hlíðskógavegur af Bárðardalsvegi vestari að Hlíðskógum
6. Skólavegur af Bárðardalsvegi vestari að Stóruvallaskóla
7. Stóruvallavegur af Bárðardalsvegi vestari að Stóruvöllum
8. Litluvallavegur af Bárðardalsvegi vestari að Litluvöllum og Lækjavöllum
9. Halldórsstaðavegur af Bárðardalsvegi vestari að Halldórsstöðum I
10. Engivegur af Bárðardalsvegi vestari að Engi og Halldórsstöðum II.
11. Svartáarkotsvegur af Lundarbrekkuvegi hjá Víðikeri að Svartáarkoti
12. Víðikersvegur af Lundarbrekkuvegi að Víðikeri
13. Stórutunguvegur af Lundarbrekkuvegi að Stórutungu
14. Engidalsvegur af Lundarbrekkuvegi að Engidal
15. Bjarnastaðavegur af Lundarbrekkuvegi að Bjarnastöðum og Rauðafelli
16. Lundarbrekkuvegur af Lundarbrekkuvegi (þjóðv.) að Lundarbrekku
17. Sandvíkurvegur af Bárðardalsvegi austari að Sandvík
18. Sunnuhvolfsvegur af Bárðardalsvegi austari að Sunnuhvoli
19. Sigurðarstaðavegur af Bárðardalsvegi austari að Sigurðarstöðum
20. Jarlsstaðavegur af Bárðardalsvegi austari að Jarlsstöðum
21. Kálfborgarvegur af Bárðardalsvegi austari að Kálfborgará
22. Einbúavegur af Bárðardalsvegi austari að Einbúa
23. Arndísastaðavegur af Bárðardalsvegi austari að Arndísarstöðum
24. Lyngholtsvegur af Bárðardalsvegi austari að Lyngholti
25. Úlfsbæjarvegur af Bárðardalsvegi austari að Úlfsbæ

Skútustaðahreppur:

1. Stangarvegur af Norðurlandsvegi að Stöng
2. Helluvaðsvegur af Norðurlandsvegi að Helluvaði
3. Arnarvatnsvegir af Mývatnssveitarvegi að Arnarvatni II, III og IV
4. Baldursheimsvegur af Baldursheimsvegi hjá Litluströnd að Baldursheimi
5. Litlustrandarvegur af Baldursheimsvegi að Litluströnd
6. Heiðarvegur af Baldursheimsvegi að Heiði
7. Gautlandsvegur af Baldursheimsvegi að Gautlöndum
8. Haganesvegur af Mývatnssveitarvegi að Haganesi
9. Skútustaðaskóli, af Mývatnssveitarvegi að skólahúsi
10. Skútustaðakirkja af Mývatnssveitarvegi að kirkju
11. Félagshemili af Mývatnssveitarvegi að Skjólbrekku
12. Grænavatnsvegur af Mývatnssveitarvegi að Grænavatni
13. Garðsvegur 1 af Mývatnssveitarvegi að Garði 1
14. Garðsvegur 2 af Mývatnssveitarvegi að Garði 2
15. Garðsvegur 3 af Garðsvegi 2 að Garði 3
16. Kálfastrandarvegur af Mývatnssveitarvegi að Kálfaströnd
17. Geiteyjarstrandarvegur 1 af Mývatnssveitarvegi að Geiteyjarstr. 1
18. Geiteyjarstr.vegur 2 af Mývatnssveitarvegi að Geiteyjarstr. 2
19. Víkurnesvegur af Mývatnssveitarvegi að Víkurnesi
20. Vogavegur af Mývatnssveitarvegi að Vogum
21. Hólmavegur af Mývatnssveitarvegi að Hólum
22. Reykjahlíðarvegur af Norðurlandsvegi að Reykjahlíðarkirkju
23. Reykjahlíðarvegur 1 af Hlíðarvegi að Reykjahlíð 1
24. Grímsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Grímsstöðum 1
25. Stiklavegur af Grímsstaðavegi að Stiklum
26. Syðrineslandavegur af Norðurlandsvegi að Syðrineslöndum
27. Ytrineslandavegur af Syðrineslandavegi að Ytrineslöndum
28. Borgarvegur af Ytrineslandavegi að Borg
29. Vindbelgjavegur af Norðurlandsvegi að Vindbelg
30. Vagnbrekkuvegur Norðurlandsvegi að Vagnbrekku
31. Geirastaðavegur af Norðurlandsvegi að Geirastöðum
32. Nónbjargsvegur af Geirastaðavegi að Nónbjargi
33. Hofsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Hofsstöðum
34. Þéttbýlisgötur í Reykjahlíðarhverfi samkv. skipulagi.

Reykdalehreppur:

1. Máskotsvegur af Norðurlandsvegi að Máskoti
2. Brúnarvegur af Norðurlandsvegi að Brún
3. Laugaselsvegur af Norðurlandsvegi að Laugaseli
4. Vallavegur af Stafnsvegi að Völlum
5. Vallkotsvegur af Stafnsvegi að Vallkoti
6. Narfastaðavegur 1 af Stafnsvegi að Narfastöðum 1
7. Narfastaðavegur 2 af Norðurlandsvegi að Narfastöðum 2
8. Daðastaðavegur af Norðurlandsvegi að Daðastöðum
9. Lyngbrekkuvegur af Norðurlandsvegi að Lyngbrekku
10. Kárhólsvegur af Norðurlandsvegi að Kárhóli
11. Lautavegur 2 af Norðurlandsvegi að Lautum 2
12. Lautavegur 1 af Austurhlíðarvegi að Lautum 1
13. Hjallavegur að Austurhlíðarvegi að Hjalla
14. Selásvegur af Hjallavegi að Selási

15. Laugafellsvegur af Hjallavegi að Laugafelli
16. Laugabergsvegur af Austurhlíðarvegi að Laugabergi
17. Stórulaugavegur af Austurhlíðarvegi að Stórulaugum
18. Öndólfstaðavegur af Austurhlíðarvegi að Öndólfstöðum
19. Halldórsstaðavegur af Austurhlíðarvegi að Halldórsstöðum
20. Breiðumýrarvegur af Norðurlandsvegi að Breiðumýri 1
21. Breiðumýrarvegur III af Norðurlandsvegi að Breiðumýri III
22. Seljadalsvegur af Norðurlandsvegi að Kvígindisdal
23. Hlíðarholtsvegur af Aðaldalsvegi að Hlíðarholti
24. Einarstaðavegur af Aðaldalsvegi að Einarstöðum
25. Vallakotsvegur af Aðaldalsvegi að Vallakoti
26. Glaumbæjarvegur af Aðaldalsvegi að Glaumbæ
27. Hamravegur af Aðaldalsvegi að Hömrum
28. Helgastaðavegur af Aðaldalsvegi að Helgastöðum
29. Pálmholtsvegur af Aðaldalsvegi að Pálmholti
30. Höskuldsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Höskuldsstöðum
31. Hólkotsvegur af Aðaldalsvegi að Hólkoti
32. Vaðsvegur af Norðurlandsvegi að Vaði
33. Ingjaldsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Ingjaldsstöðum
34. Hólavegur af Laxárdalsvegi eystri að Hólum
35. Árhvammsvegur af Laxárdalsvegi eystri að Árhvammi
36. Kasthvammsvegur af Laxárdalsvegi eystri að Kasthvammi
37. Halldórsstaðavegur af Laxárdalsvegi vestri að Halldórsstöðum
38. Þverárvegur af Laxárdalsvegi vestri að Þverá
39. Auðnavegur af Þverárvegi að Auðnum
40. Þéttbýlisvegur við Laugar skv. skipulagi
41. Fljótsbakkavegur af Norðurlandsvegi að Fljótsbakka

Aðaldælahreppur:

1. Skriðuvegur af Norðausturvegi að Rauðuskriðu
2. Jódísarstaðavegur af Skriðuvegi að Jódísarstöðum
3. Bergstaðavegur af Jódísarstaðavegi að Bergstöðum
4. Sílalækjavegur af Sandsvegi að Sílalæk
5. Hraunkotsvegur af Sandsvegi að Hraunkoti I og II
6. Árbótarvegur af Norðausturvegi að Árbót
7. Núpavegur af Árbótarvegi um Kjöl að Núpum
8. Knútsstaðavegur af Norðausturvegi að Knútsstöðum
9. Garðsvegur af Aðaldalsvegi að Garði
10. Tjarnarvegur af Aðaldalsvegi að Tjörn
11. Jarlsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Jarlstöðum
12. Hjarðarhagavegur af Jarlsstaðavegi að Hjarðarhaga
13. Nesvegur af Aðaldalsvegi að Nesi
14. Árnesvegur af Nesvegi að Árnesi
15. Straumnesvegur af Nesvegi að Straumnesi
16. Álftanesvegur af Nesvegi að Álftanesi
17. Hafralækjarskólavegur af Aðaldalsvegi að Hafralækjarskóla
18. Félagshéimilisvegur af Aðaldalsvegi að félagshéimili
19. Hafralækjarvegur af Aðaldalsvegi að Hafralæk
20. Hólmavaðsvegur af Aðaldalsvegi að Hólmavaði
21. Ytrafjallsvegur af Aðaldalsvegi að Ytrafjalli
22. Syðrafjallsvegur af Aðaldalsvegi að Syðrafjalli
23. Hagavegur af Hvammavegi að Haga

24. Fornhagavegur af Hvammavegi að Fornhaga
25. Ystahvammsvegur af Hvammavegi að Ystahvammi
26. Heiðargarðsvegur af Hvammavegi að Heiðargarði
27. Miðhvammsvegur af Hvammavegi að Miðhvammi
28. Hraunsvegur af Hvammavegi að Hrauni
29. Brekkuvegur af Hvammavegi að Brekku
30. Klambravegur af Hvammavegi að Klömbrum
31. Presthvammsvegur af Staðarbraut að Presthvammi
32. Brúarvegur af Staðarbraut að Brúum
33. Grenjaðarstaðavegur af Staðarbraut að Grenjaðarstað
34. Staðarhólsvegur af Staðarbraut að Staðarhóli
35. Hvolsvegur af Staðarbraut að Hvoli
36. Búvallavegur af Staðarbraut að Búvöllum
37. Aðalbólsvegur af Staðarbraut að Aðalbóli
38. Kraunastaðavegur af Staðarbraut að Kraunastöðum
39. Múlavegur af Staðarbraut að Múla
40. Norðurhlíðarvegur af Staðarbraut að Norðurhlíð
41. Hellulandsvegur af Staðarbraut að Hellulandi
42. Fagranesvegur af Fagranesvegi (þjóðv.) að Fagranesi
43. Sumarbúðavegur af Fagranesvegi að sumarbúðunum við Vestmannsvatn
44. Birgisholtsvegur af Aðaldalsvegi að Birgisholti
45. Lindahlíðavegur að Aðaldalsvegi að Lindahlíð
46. Mýlaugsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Mýlaugsstöðum
47. Sýrnesvegur af Aðaldalsvegi að Sýrnesi
48. Geitafellsvegur af Mývatnsvegi að Geitafelli
49. Klambraselsvegur af Mývatnsvegi að Klambraseli

Reykjahreppur:

1. Bláhvammsvegur af Mývatnsvegi að Bláhvammi
2. Hveravallavegur af Mývatnsvegi að Hveravöllum
3. Félagsheimili af Mývatnsvegi að félagsheimili
4. Reykjahólsvegur af Mývatnsvegi að Reykjahóli
5. Reykjavallavegur af Mývatnsvegi að Reykjavöllum
6. Víðiholtsvegur af Mývatnsvegi að Víðiholti
7. Þverárvegur af Mývatnssveitarvegi að Þverá
8. Heiðarbótarvegur af Mývatnsvegi að Heiðarbót
9. Skógahlíðarvegur af Mývatnsvegi að Skógahlíð
10. Skógavegur 1 af Mývatnsvegi að Skógum 1
11. Skógavegur 2 af Mývatnsvegi að Skógum 2
12. Skógavegur 3 af Mývatnsvegi að Skógum 3
13. Einarstaðavegur af Mývatnsvegi að Einarstöðum
14. Skarðavegur af Mývatnsvegi að Skarðaborg
15. Byggðarvegur af Mývatnsvegi að byggðahverfi í Skarðalandi
16. Laxamýrarvegur af Norðausturvegi að Laxamýri
17. Saltvíkurvegur af Norðausturvegi að Saltvík

Tjörneshreppur:

1. Mánárbakkavegur af Norðausturvegi að Mánárbakka
2. Mánárvegur af Norðausturvegi að Máná
3. Árholtsgvegur af Norðausturvegi að Árholti
4. Voladalsvegur af Norðausturvegi að Voladal

5. Breiðuvíkurvegur af Norðausturvegi að Breiðuvík
6. Sandhólavegur af Norðausturvegi að Sandhólum
7. Ketilsstaðavegur af Norðausturvegi að Ketilsstöðum
8. Mýrarkotsvegur af Norðausturvegi að Mýrarkoti
9. Hólsvegur af Norðausturlandi að Hóli
10. Ísólfstaðavegur af Norðausturvegi að Ísólfstöðum
11. Hallbjarnarstaðavegur af Norðausturvegi að Hallbjarnarstaðabæjum
12. Hafnarvegur af Norðausturvegi að höfn í Hallbjarnarstaðafjöru
13. Ytritunguvegur af Norðausturvegi að Yritungu
14. Hringversvegur af Norðausturvegi að Hringveri
15. Syðritunguvegur af Norðausturvegi að Syðritungu
16. Kvislarhólsvegur af Norðausturvegi að Kvislarhól
17. Eyvíkurvegur af Norðausturvegi að Eyvík
18. Héðinshöfðavegur I af Norðausturvegi að Héðinshöfða I
19. Héðinshöfðavegur II af Norðausturvegi að Héðinshöfða II

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það renni allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

6 gr.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamataverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 16 300. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföll og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gagnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að lokum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggir við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 126 9. júní 1965 um sama efni, og samþykkt nr. 279 14. nóvember 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 289/1978.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 750 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 2 000 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.